

**Nd.**

**397. Frumvarp til laga**

[178. mál]

um námskostnaðarsjóð.

Flm.: Sigurvin Einarsson, Ingvar Gíslason.

**1. gr.**

Stofna skal sjóð, er nefnist námskostnaðarsjóður.

**2. gr.**

Hlutverk námskostnaðarsjóðs er að veita námsstyrki nemendum í skólum landsins, sem verða að dveljast fjarri heimilum sínum, meðan á námi stendur, enda njóti þeir ekki fjárhagsaðstoðar úr öðrum sjóðum eða fríðinda umfram aðra námsmenn.

**3. gr.**

Tekjur námskostnaðarsjóðs skulu vera:

1. Leggja skal gjald á allar vörur frá Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins, svo og á hvers konar öl og gosdrykki. Skal gjaldið nema fimm af hundraði af söluverði nefndra vara. Ráðherra setur nánari reglur um álagningu gjaldsins og innheimtu þess.
2. Framlag ríkissjóðs, er nema skal kr. 150.00 á hvern íbúa landsins, samkvæmt síðasta manntali.

**4. gr.**

Námskostnaðarsjóður skal vera undir yfirstjórn menntamálaráðherra. Stjórn sjóðsins skal skipuð sjö mönnum kosnum hlutbundinni kosningu í sameinuðu Alþingi til fjögurra ára í senn. Ráðherra skipar einn úr þeirra hópi formann stjórnarinnar. Kostnaður af stjórn sjóðsins greiðist úr námskostnaðarsjóði.

**5. gr.**

Stjórn námskostnaðarsjóðs annast fjárreiður sjóðsins, úthlutar námsstyrkjum og aflar hvers konar gagna, sem með þarf vegna starfsemi hans. Skólastjórnnum, sveitarstjórnnum, aðstandendum skólanemenda og hverjum öðrum, er hlut eiga að máli, er skylt að láta stjórn sjóðsins í té hvers konar upplýsingar, er hún óskar og að því miða, að hún geti metið sem réttast námskostnað skólanemenda.

Stjórn námskostnaðarsjóðs sendir menntamálaráðuneytinu árlega skýrslu um fjárhag sjóðsins og úthlutun námsstyrkja.

**6. gr.**

Við úthlutun námsstyrkja skal fyrst og fremst meta, hversu miklu meiri námskostnaður þeirra nemenda er, sem dveljast fjarri heimilum sínum, en hinna, sem stunda námið heiman frá sér daglega.

**7. gr.**

Ákvæði 1. tölul. 3. gr. þessara laga koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 1970. Ákvæði 2. tölul. 3. gr. koma til framkvæmda frá og með 1. jan. 1971.

**8. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Réttur æskufólks til menntunar er ótvíræður og á að vera jafn fyrir alla. Fjárhagsleg aðstaða nemenda til náms er þó svo misjöfn, að ýmsir þeirra eiga örðugt með að hagnýta sér þennan rétt.

Skólar verða ekki byggðir við hvers manns dyr, og verður því ekki hjá því komizt, að margir skólanemendur verða að hverfa að heiman til náms. Aðrir geta stundað nám í skóla daglega heiman frá sér. Þessi aðstöðumunur veldur því, að námskostnaður þeirra, er að heiman fara, verður miklum mun meiri en hinna. Mörg eru dæmi þess, að foreldrar hafa staðið frammi fyrir þeirri staðreynd, að um tvennt var að velja: flytjast brott úr byggðarlagi sínu þangað, sem skólar eru fyrir hendi, eða verða að neita börnum sínum um skólagöngu. Er þó hvorugur kosturinn viðunandi.

Þjóðfélaginu ber skylda til að nema brott það misrétti, sem af þessum aðstöðumun stafar, og koma á sem jafnastrí aðstöðu æskufólks til menntunar, hvar sem það er búsett á landinu. Verði það ekki gert, stefnir óðfluga í þá átt, að skólar verði aðallega fyrir þá, sem við skólaveggina búa.

Því miður liggja ekki fyrir upplýsingar um það, hversu mikill fjöldi skólanemenda verður að hverfa frá heimilum sínum til náms, eins og sakir standa. Þá eru ekki heldur handbærar upplýsingar um það, hversu miklum mun dýrara skólanám er þeim, er verða að dveljast fjarri heimilum sínum, en hinum, sem stunda námið í heimabyggð sinni.

Líklegt má telja, að fjöldi skólanemenda, er nám stunda nú fjarri heimilum sínum, sé um eða yfir 6 þúsund. Það er því augljóst mál, að eigi að veita þessum nemendum umtalsverða námsstyrki, verður að afla til þess allmikils fjár.

Með þessu frv. er gert ráð fyrir að afla námskostnaðarsjóði fjár á tvennan hátt: annars vegar með því að leggja gjald á nokkrar vörutegundir, er ekki geta talizt til nauðsynja, hins vegar með framlagi úr ríkissjóði, enda er visir að slíku framlagi á fjárlögum þessa árs. Áætla má, að þessar tekjur sjóðsins geti numið um 95—105 millj. kr. á heilu ári. Þrátt fyrir þetta er ólíklegt, að námsstyrkur á ári til hvers nemanda að meðaltali geti orðið meiri en 16—17 þús. kr., en þess ber þá að gæta, að námsstyrkir til nemenda í heimavistarskólum á skyldunámsstigi hljóta að verða miklum mun lægri en til nemenda í framhaldsskólum.

Fjarri fer því, að með þessu sé jafnaður að fullu fjárhagslegur aðstöðumunur skólanemenda, en mikilsverðum áfanga á þeirri leið væri þó náð.

Þetta vandamál æskufólks hefur mjög borið á góma að undanfögnu, þ. á m. á Alþingi, í blöðum og á mannfundum. Er svo að heyra, að almennur vilji sé á því að leysa þennan vanda. Verður því að vænta þess, að þetta frv. fái góðar undirtektir alþingismanna og verði efnislega í lög tekið á yfirstandandi Alþingi.